

100. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, haldinn í Iðu fimmtudaginn 28. júní 2012 kl. 15.00. Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Þór Hreinsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Leigusamningur um húsnæði í hluta Sandvíkurskóla

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir viðræður og samskipti við forsvarsmenn Sveitarfélagsins Árborgar vegna leigu Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands á Sandvíkurskóla á Selfossi. Borist hefur tilboð frá sveitarfélaginu sem taka þarf afstöðu til. Sveitarfélagið hefur einnig boðið húsið til sölu.

Stjórn samþykkir að hafna öllum hugmyndum um að Fræðslunetið kaupi húsnæðið. Jafnframt felur stjórn formanni stjórnar og framkvæmdastjóra að vinna áfram í málinu og senda sveitarfélaginu, í samstarfi við Háskólafélagið, gagntilboð og veitir þeim umboð til að semja um leigufjárhæð innan ákveðins ramma sem tiltekinn var. Reiknað er með leigusamningi til 10 ára.

2. Fundur með stjórn Háskólafélags Suðurlands ehf.

Stjórnir Fræðslunetsins og Háskólafélagsins hittust að loknum fundum í hvorri stjórn fyrir sig. Fram kom að stjórnir beggja félaganna eru samstíga í málinu og fela formönnum og framkvæmdastjórum sínum að ljúka samningum á þeim grunni.

Fundi slitið kl.16.30